



NÁGRANNAVARSLA Í SVEITARFÉLAGINU VOGUM

Frístunda- og menningarnefnd Sveitarfélagsins Voga hefur samþykkt að taka þátt í verkefninu Nágrannavarsla í samvinnu við tryggingafélagið Sjóvá. Handbók sem inniheldur leiðbeiningar um hvernig hefja á nágrannavörslu er að finna á veffanginu www.sjova.is. Sjóvá kostar nágrannavörsluskiltin og límmiðana sem íbúar fá afhenta að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, sjá reglur þar að lútandi hér neðar.

Að hefja nágrannavörslu

Ef áhugi er á að koma á fót nágrannavörslu þá er best að byrja á að skoða handbókina um nágrannavörslu á slóðinni www.sjova.is. Í handbókinni er því lýst hvernig hefja á nágrannavörslu.

Til þess að fá afhent skiltið um nágrannavörslu, sem þekkt er orðið um land allt, þarf að hafa samband við tengilið Sveitarfélagsins Voga og skila til hans undirskriftum 70% íbúa þeirrar götu, svæðis, blokkar eða stigagangs sem þátt ætla að taka í nágrannavörslunni. Nóg er að einn úr hverri íbúð skrifi undir.

Tengiliður Sveitarfélagsins Voga er Ólafur Þór Ólafsson, netfang: olafur@vogar.is og sími 440 6225.

Hópstjórinn

Skipa þarf einn hópstjóra í hverri götu, blokk, stigagangi eða svæði. Hlutverk hópstjórans er aðallega að koma upplýsingum til nágretta sinna ef t.d. lögreglan vill koma upplýsingum á framfæri til íbúa um aukin innbrot. Ef hópstjóri flytur þarf hann að skila inn til tengiliðs bæjarins upplýsingum um það hver tekur við af honum.

Reglur um úthlutun nágrannavörsluskilta og límmiða:

1. Að lámarki 70% íbúa í götu, blokk, stigagangi eða svæði verður að taka þátt í nágrannavörslunni.
2. Einn hópstjóri skal skipaður fyrir götu, blokk, stigagang eða svæði.
3. Hópstjóri tilkynnir nágrannavörslu til tengiliðs Sveitarfélagsins Voga og skilar inn undirskriftum frá íbúum sem þátt ætla að taka í nágrannavörslunni.
4. Hópstjóri tilkynnir til tengiliðs Sveitarfélagsins Voga ef hann flytur hver tekur við hans hlutverki sem hópstjóri.